

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík

Mosfellsbæ, 16. september 2021
Erindi nr. 202109083/0.6.0 PMH

Efni: Umsögn Mosfellsbæjar um breytingar á leiðbeiningum um ritun fundargerða og notkun fjarfundarbúnaðar.

Með bréfi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins dags. 1. september til allra sveitarfélaga var vakin athygli á breytingum á leiðbeiningum um ritun fundargerða og notkun fjarfundarbúnaðar.

Drög að nýjum leiðbeiningum

Í bréfinu var vakin athygli á breytingu sem gerð var á sveitarstjórnarlögum með lögum nr. 96/2021 sem m.a. víkkar heimildir sveitarfélaga til að ákveða að sveitarstjórnarmönnum sé heimilt að taka þátt í fundum sveitarstjórnar, nefnda og ráða með rafrænum hætti.

Hvað varðar drög að nýjum leiðbeiningum um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórna væri æskilegt að æskilegt er að breyta orðalagi í heiti leiðbeininganna og greinum þeirra þannig að ekki sé vísað til orðalagsins „notkun fjarfundarbúnaðar“. Í þinglegri meðferð var orðalagi ákvæðisins breytt og það orðalag tekið út og í stað þess vísað til þátttöku í fundum með rafrænum hætti líkt. Réttast væri að leiðbeiningarnar endurspegli þá orðalagsbreytingu.

Að öðru leyti hefur sveitarfélagið ekki efnislega athugasemd við þær breytingar sem lagðar eru til á leiðbeiningunum.

Afnám skyldu til að halda gerðabækur

Í bréfinu er sérstaklega óskað eftir áliti sveitarfélaganna til þess hvort tilefni sé til þess að afnema skyldu sveitarfélaga til að halda gerðabækur þar sem ljóst sé að flest sveitarfélög vinna fundargerðir sínar nú með rafrænum hætti.

Af hálfu Mosfellsbæjar er stuðningur við afnám gerðabóka. Samkvæmt núgildandi leiðbeiningum um ritun fundargerða nr. 22/2013 skal rita allar fundargerðir sveitarfélagsins í gerðabók. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákveða að fundargerðir séu skráðar í tölvu en sú leið hefur verið farin hjá öllum framangreindra sveitarfélaga m.a. vegna þess hagræðis sem sú vinna við ritun fundargerða hefur í för með sér.

Þegar fundargerðir eru skráðar í tölvu ber þó að skrá tiltekin atriði í gerðabók í samræmi við umræddar leiðbeiningar, þ.e. númer funda, hvar og hvenær fundur er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu auk hvenær fundi var slitið og blaðsíðutal fundargerða. Þá ber fundarmönnum að undirrita gerðabók.

Færa má rök fyrir því að framangreind aðferð sé um margt úrelt þegar horft er til þess að meginregla við ritun fundargerða í dag er að þær séu færðar í tölvu, oftast með notkun



sérstakra fundarkerfa. Gerðar eru sömu kröfur til fundargerða sem ritaðar eru í tölvu og til fundargerða í gerðabók hvað varðar form og innihald. Í lok fundar er hin tölvuritaða fundargerð prentuð, lesin upp og undirrituð af fundarmönnum. Þá eru þær vistaðar í skjalakerfum sveitarfélaganna og reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu. Ritun í gerðabók bætir því í raun engu við núverandi framkvæmd heldur hefur frekar í för með sér ákveðið óhagræði og tvíverknað og tefur frágang funda.

Af hálfu Mosfellsbæjar er þannig ekki talin þörf á að halda gerðabækur fyrir fundargerðir og eindregið mælt með því að skylda til að halda gerðabækur verði afnumin í uppfærðum leiðbeiningum um ritun fundargerða.

Breyting á fyrirmynd að samþykkt um stjórn sveitarfélaga

Í bréfinu kom jafnframt fram tillaga að ákvæði um fjarfundi sem fyrirhugað er að bæta við fyrirmynd ráðuneytisins að samþykkt um stjórn sveitarfélaga.

Er í bréfinu jafnframt vakin athygli á því að ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra sem birt var með auglýsingu nr. 894/2021 í B-deild Stjórnartíðinda sem heimilar sveitarfélögum að halda fjarfundi vegna Covid-19 faraldursins gildi eingöngu til 1. október nk. og eru sveitarfélögin hvött til að huga að breytingum á samþykkt sinni telji það ástæðu til að heimila rafræna þátttöku nefndarmanna í fundum á vegum sveitarfélagsins.

Það er álit Mosfellsbæjar að sveitarfélögum hafi ekki verið gefið nægilegt svigrúm til að bregðast við og gera breytingar á samþykktum sínum. Ótímabært var að ráðast í þá vinnu af hálfu sveitarfélaganna fyrr en ráðuneytið hefði birt drög að breytingu á leiðbeiningum líkt og nú hefur verið gert. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum ber að ræða breytingar á samþykkt um stjórn sveitarfélaga við tvær umræður með a.m.k. viku millibili auk þess sem breytingar á samþykktum þarfnast staðfestingar ráðuneytisins og birtingar í B-deild Stjórnartíðinda. Með framangreint í huga er ljóst að útilokað er að það takist að afgreiða breytingu á samþykkt sveitarfélaganna fyrir 1. október nk. Með vísan til þeirrar stöðu sem enn er vegna heimsfaraldurs Covid-19 er nauðsynlegt að sveitarfélög geti áfram gripið til þess að halda fjarfundi og er því nauðsynlegt að ráðuneytið framlengi heimild til fjarfunda a.m.k. til 1. desember nk.

Virðingarfyllt,



Þóra M. Hjaltested
Lögmaður Mosfellsbæjar

